

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Laxárdalur 2, L166575, athafnasvæði svínabús.

Innan skipulagsmarka er gerð grein fyrir öllum þeim mannvirkjum innan Laxárdals 2 sem tilheyra búrekstrinum. Samþykktri deiliskipulagsáætlun svæðisins er ætlað að setja ramma utan um starfsemi búsins og skilgreina skilmála sem taka til framtíðaruppbyggingar búsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. september 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 18. september 2024